

Innritun nýnema á haustönn 2015 - samantekt


Innritun á nýnema á haustönn 2015 er nú lokið. Alls sóttu 4.328 nemendur um skólavist að þessu sinni sem er rétt tæplega 99% allra þeirra sem útskrifuðust úr grunnskóla nú í vor. Líkt og undanfarin ár gafst nemendum kostur á að sækja um tvo skóla þ.e. skóla nr. 1 og skóla nr. 2. Menntamálastofnun sá um að útvega þeim nemendum skólavist sem ekki komust inn í þá skóla sem þeir völdu sér.

Á haustönn 2015 var námsplássum í framhaldsskólum fækkað m.a. vegna minni fjáheimilda. Þessi fækkun námsplássu hafði þau áhrif að færri nemendur komust inn í þá skóla sem þeir völdu sér í fyrsta vali en einnig fjölgaði nemendum sem fengu úthlutað skólavist í skólum sem þeir höfðu ekki valið sér.

Undanfarin ár hafa nokkrir skólar notið mikilla vinsælda hjá umsækjendum og var engin breyting á því í þessari innritun. Samkeppnin um laus sæti varð því harðari og þurfu þeir skólar sem fengu hvað flestar umsóknir að vísa mörgum umsækjendum sínum frá. Verzlunarskóli Íslands, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Kvennaskólinn í Reykjavík fengu flestar umsóknir en alls sóttu 762 nemendur eða 17,6% allra umsækjenda um skólavist í þessum skólum. Aðrir skólar sem fengu umtalsvert fleiri umsóknir í fyrsta vali en þeir höfðu pláss fyrir voru Menntaskólinn í Reykjavík og Fjölbrotaskólinn í Garðabæ.


Alls komust 3.657 nemendur, eða 85% allra umsækjenda, í þann skóla sem þau völdu sér í fyrsta vali en til samanburðar má geta þess að á síðasta ári var hlutfall þessara nemenda 87%. Alls komust 13% nemenda eða 581 inn í þann skóla sem þeir völdu nr. 2.

Alls 90 nemendur eða 2% allra umsækjenda fengu ekki inni í þeim skólum sem þeir höfðu óskað eftir og sá Menntamálastofnun um að útvega þeim skólavist í þriðja skóla. Til samanburðar má geta þess að á síðasta ári var fjöldi þessara nemenda 72.



Námsval 10. bekkinga

Gerð hefur verið gróf flokkun á námsvali 10. bekkinga þ.e. inn á hvaða námsbrautir nemendur innrituðust. Flestir nemendur sóttust eftir því að komast inn á bóknámsbrautir til stúdentsprófs eða 69%



allra þeirra sem sóttu um. 14% nemenda innrituðust á verknáms-/ eða starfsnámsbrautir¹ og 4% umsækjenda innrituðust á listnámsbrautir. 13% umsækjenda innrituðust á almenna námsbraut eða framhaldsskólabraut en þessar brautir eru einkum ætlaðar þeim sem ekki uppfylla inntökuskilyrði til að komast beint inn á aðrar námsbrautir.

Innritun á haustönn 2015 – nemendur 16-17 ára

Nemendur á aldrinum 16-17 ára sem sóttu um framhaldsskólavist voru 1135 talsins, þar af voru 576 að sækja um flutning á milli skóla.

Skólavist fengu 930 nemendur og langflestir úr þeim hópi fengu skólavist í þeim skóla sem þeir settu sem sitt fyrsta val eða 903. Af þeim 115 sem hafnað var skólavist voru 81 nemandi með skólavist fyrir í öðrum framhaldsskóla. Hluti þessa hóps leitaði aðstoðar hjá Menntamálastofnun og fengu úrlausn sinna mála. Enn aðrir urðu sér úti um skólavist án atbeina stofnunarinnar. Eftir stóðu 13 umsækjendur sem höfðu ekki fengið skólavist þegar skólastarf hófst í ágúst. Af þeim höfðu 6 nemendur sótt um iðn-/verknám eða upplýsingatækni/tölvunám en 7 nemendur höfðu sótt um hefðbundið bóknám til stúdentsprófs. Nemendur sem sækja um sértækar verknámsbrautir hugsa sér flestir að sækja um síðar

¹ Grunnám iðngreina, iðnnám og stuttar verknámsbrautir


og bæta við sig áföngum í kvöld- eða fjarnámi í millitíðinni til að auka líkur á inngöngu næst þegar þeir sækja um.

Innritun á haustönn 2015 – nemendur 18-24 ára

Alls bárust 2286 umsóknir frá nemendum á aldrinum 18-24 ára. Af þeim voru 408 nemendur að sækja um flutning milli skóla.


Úr þessum hópi fengu 1842 nemendur skólavist í öðrum tveggja skóla sem þeir sóttu um, þar af 1789 í þeim skóla sem þeir settu í fyrsta val. Fjöldi ógildra umsókna, óstaðfesta, sem hætt var við eða voru enn í vinnslu þegar þetta var unnið, voru 118 talsins.

Fjöldi þeirra nemenda sem hafnað var skólavist reyndist 326. Á töflunni hér að neðan má sjá sundurliðun á þessum hópi eftir tegund náms sem sótt var um.



Innritun á haustönn 2015 – nemendur eldri en 25 ára

Alls bárust 1134 umsóknir frá nemendum eldri en 25 ára. Af þeim voru 57 að sækja um flutning á milli skóla. Alls fengu 1026 nemendur skólavist í þeim skólum sem þeir sóttu um í og þar af 918 í þeim skóla sem þeir settu í fyrsta val. Af þeim sem sóttu um var umsóknum 108 nemenda hafnað. Hér að neðan má sjá fjölda þeirra sem var hafnað eftir tegund náms.



Af þeim 51 nemanda sem sóttu um að komast í annað hvort hönnunar og listnám eða námsbraut fyrir heilsunuddara voru 38 sem höfðu áður lokið stúdentsprófi. Vert er að hafa í huga að inn á þessar brautir eru oft fjöldatakmarkanir svo og hafa yngri nemendur forgang og má vera að það hafi haft áhrif á það hversu mörgum umsóknum var hafnað.